

Íslenska er alls konar

Eiríkur Rögnvaldsson

uppgjafaprófessor og málarslegur aðgerðasinni

SÍMENNTUN VESTURLANDS – MORGUNKAFFI

3. APRÍL 2025

Efni erindisins:

- Íslensk málarsviðmið
- Tilbrigði í máli – „rétt“ og „rangt“
- Staða og framtíð íslenskunnar
- Íslenska og útlendingar
- Mikilvægi íslenskukennslu
- Íslenska í ferðaþjónustunni
- Lokaorð

Íslensk málarsviðmið

Íslenska í aldanna rás



- Því er stundum haldið fram að íslenska hafi sáralítið breyst
 - allt frá því að landið var numið fyrir 1150 árum
- Þetta er ekki rétt – mjög margt hefur breyst í málinu
 - einkum hljóðkerfið en einnig beygingar, setningagerð, orðaforði
- Málið fékk að breytast án athugasemda að mestu
 - ekkert viðmið var til, ekki talað um „rétt“ mál eða „rangt“
- Dönsk áhrif, einkum á orðaforða, jukust smátt og smátt
 - þýsk áhrif á orðaforða og setningagerð áberandi um tíma
- En flestar breytingar voru þó sjálfsprottnar innan málsins

Íslenskan og sjálfstæðisbaráttan



- Tungumálið var mikilvægur þáttur í sjálfstæðisbaráttunni
 - notað til að réttlæta sérstöðu Íslendinga
 - þeir hefðu einir varðveitt sameiginlegt tungumál Norðurlanda
- Þess vegna var lögð ofuráhersla á „málhreinsun“
 - hrekja burt „dönskuslettur“ og annars konar dönsk áhrif
- En einnig var lögð áhersla á fyrningu málsins
 - snúa við breytingum sem höfðu orðið frá fornmáli
 - sýna að við töluðum enn málið sem aðrar þjóðir hefðu glatað
- Þetta leiddi til óbilgjarnar málstefnu þar sem eitt var rétt

Tilurð íslenskra málarsviðmiða



- Viðmið um „rétt mál“ urðu til á fyrri hluta 19. aldar
 - þótt ræturnar séu vissulega í fornmáli
 - Rask, Sveinbjörn Egilsson og Fjölnismenn lögðu drög að þeim
- Þau mótuðust ekki síst í Lærða skólanum eftir miðja öldina
 - einkum hjá Halldóri Kr. Friðrikssyni sem kenndi þar í hálfu öld
- Björn Guðfinnsson lagði lokahönd á þau á f.hl. 20. aldar
 - með málfræði sinni sem flestir Íslendingar lærðu frá því um 1940
 - og langt fram eftir öldinni – jafnvel fram á þessa öld
- Miðast við það sem þótti vandað ritmál fyrir 80–100 árum

Aukin áhersla á „rétt“ mál



- Með lögum um skólaskyldu 10-14 ára barna 1907
 - „náði hin opinbera stefna í málarsefnum, um rétt mál og rangt, til allra barna á mótunarskeiði.“
 - „Jafnframt virðist svo sem málstefnan hafi tekið nokkrum blæbrigðabreytingum um leið og hún beindist að öðrum aldurshópi en áður. Stefnan virðist hafa verið einfölduð og löguð að þroska nemenda með því að talað var meira og afdráttarlausara um rétt mál og rangt.“
 - Meira hefur verið farið að reyna að breyta talmáli nemenda, en áður var öll megináherslan á ritmálinu.”
 - (Kjartan G. Ottósson: *Íslensk málhreinsun*)

Málfarsleg tvíhyggja



- Viðmiðin hafa alið okkur upp við „málfarslega tvíhyggju“
 - að eitt málbrigði sé **rétt** en öll önnur **röng**
- Þetta litar afstöðu okkar til hvers kyns tilbrigða í máli
 - gerir okkur iðulega einsýn, dómhörð og jafnvel fordómafull
- Dæmi um þetta má oft sjá í íslenskri málfarsumræðu
 - sem nú fer einkum fram á samfélagsmiðlum
- Þar eru oft höfð uppi ótrúlega meiðandi ummæli
 - málfar fólks jafnvel tengt við andlegt og líkamlegt atgervi
- Slík orðræða er tæpast íslenskunni til framdráttar

Tilbrigði í máli – „rétt“ og „rangt“

Hvað er „rétt mál“?



- Óorðaðar skilgreiningar margra á réttu og röngu:
 - Rétt mál er það sem mér var kennt að væri rétt mál
 - Ástæðan fyrir því að þetta er rangt er sú að það hefur verið kennt svo lengi að það sé rangt
- Halldór Halldórsson prófessor (*Stígandi* 1943):
 - „Það mætti því segja, að það eitt sé rétt mál, sem hlotið hefir þá viðurkenningu að vera rétt mál.“
- Baldur Jónsson prófessor (*Morgunblaðið* 1973):
 - „Ef venjur máls eru virtar er málið *rétt*. Ef þær eru brotnar er málið *rangt*. Svo einfalt er þetta.“

Skilgreining byggð á málvenju



- Nefnd um málvöndun og framburðarkennslu í grunnskólum, skipuð af menntamálaráðherra, 1986:
 - „[R]étt mál er það sem er í samræmi við málvenju, rangt er það sem brýtur í bága við málvenju.“
 - „[Þ]að er í samræmi við meginstefnuna í málvernd að reyna að sporna gegn nýjum málsiðum með því að benda á að þeir séu ekki í samræmi við gildandi málvenjur.“
 - „[M]eð málvenju er ekki átt við einstaklingsbundin tilbrigði í máli. Tiltekið atriði getur ekki orðið rétt mál við það eitt að einn maður temji sér það.“

En hvað er málvenja?



- Hvernig á að skilgreina málvenju?
 - engin opinberlega viðurkennd skilgreining til
 - en stungið hefur verið upp á eftirfarandi viðmiðum:
- Tiltekin nýjung er þá og því aðeins orðin málvenja að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:
 - hún hefur komið upp fyrir 20 árum eða meira
 - hún er farin að sjást í rituðu máli
 - nokkur fjöldi fólks hefur hana í máli sínu
 - börn sem tileinka sér hana á máltökuskeiði halda henni á fullorðinsárum

„Málvillur“



- Það má telja upp a.m.k. 100 klassískar „málvillur“
 - málbrigði sem amast er við í kennslu og kennslubókum
 - voru tíðir gestir í samræmdum könnunarprófum grunnskóla
- En eru samt flest eða öll
 - meira en 20 ára gömul
 - vel þekkt í rituðu máli
 - eðlilegt mál fjölda fólks
 - ekki bundin við mál barna á máltökuskeiði
- Ættu því að teljast „**rétt mál**“ samkvæmt skilgreiningu

Breytt viðmið um „rétt“ og „rangt“



- Venjulegt mál almennings hefur fjarlægst viðmiðin
 - þau eru iðulega í andstöðu við málkerfi málnotenda
 - sem þurfa því að læra einstök atriði utanbókar
 - og læra þau stundum alls ekki
- Þetta getur dregið kjark úr nemendum
 - þeim finnst þau ekki kunna íslensku
 - finnst þau ekki eiga hlutdeild í málinu
- Hættan er sú að þau snúi sér að ensku í staðinn
 - þess vegna er brýnt að færa viðmiðin nær venjulegu máli

Er allt leyfilegt?



- Það þýðir ekki að samþykkja eigi allar breytingar
 - þótt mörgum verði augljóslega ekki snúið við
- Mikilvægt er að vinna gegn málbreytingum sem
 - torvelda skilning á máli fyrri kynslóða
 - minnka fjölbreytni málsins
 - raska grundvallarþáttum málkerfisins
- Engar breytingar sem nú eru í gangi falla undir þetta
 - eru flest meinlausar breytingar á beygingu og fallstjórn
 - einnig breytingar á setningagerð, s.s „nýja þolmyndin“
- Þó þarf að huga vel að auknum enskum áhrifum

Staða og framtíð íslenskunnar

Staða íslensku í samfélaginu 2025



- Íslenska er notuð á öllum sviðum samfélagsins:
 - í stjórnkerfinu
 - í menntakerfinu
 - í atvinnulífinu
 - í verslun og viðskiptum
 - í fjölmiðlum
 - í menningu og afþreyingu
 - á netinu
 - í daglegum samskiptum fólks
- Eða er hún það?

Breytingar á 21. öld þrýsta á málið



- Þjóðfélagsbreytingar
 - ferðamannastraumurinn
 - mikil fjölgun útlendinga
 - aukið háskólastarf á ensku
 - alþjóðavæðingin
- Tæknibreytingar
 - snjalltækjabyltingin
 - gagnvirkir tölvuleikir
 - efnis- og streymisveitur
 - og ýmislegt fleira
- E.t.v. eru eldri hugmyndir um lífvænleik úreltar vegna
 - stóraukins hreyfanleika fólks milli málsvæða
 - viðhorfsbreytinga í kjölfar alþjóðavæðingar
 - tækninýjunga sem þurrka út landamæri milli tungumála
 - yfirburðastöðu ensku í stafrænum heimi

Möguleg áhrif á mál og málumhverfi



- Bein áhrif ensku á íslensku gætu aukist
 - í orðaforða, setningagerð, beygingum, framburði ...
- Íslenskt ílag gæti minnkað
 - ónóg íslenska verið í umhverfi barna á máltökuskeiði
- Notkunarsvið íslensku gæti skerst
 - í ferðaþjónustu, viðskiptalífi, tölvusamskiptum ...
- Dregið gæti úr virðingu fyrir íslenskunni
 - hún gæti farið að þykja hamlandi og hallærisleg
- Íslenska gæti einfaldast og veiklast (sbr. vesturíslensku)
 - flóknari setningagerðir gætu horfið, orðaforði rýrnað ...

Ýmsar aðstæður andstæðari en áður



- Íslenska hefur lifað af hingað til þrátt fyrir erlend áhrif
 - er einhver ástæða til að ætla að annað gildi nú?
- Danskan á 19. öld náði bara til lítils hluta landsmanna
 - einkum embættismanna og kaupmanna í þorpum
- Enskunotkun ekki lengur bundin við einhliða miðlun
 - heldur mun gagnvirkari en áður hjá börnum og unglingum
- Enskt málareiti nær til mun yngri barna en áður
 - gegnum netnotkun og sjónvarpsáhorf
- Enskan gegnsýrir allt málumhverfi okkar núorðið
 - er mun meiri og á fleiri sviðum en nokkru sinni fyrr

Hvað gæti gerst á næstu áratugum?



- Stéttaskipting í málinu gæti aukist
 - málarsviðmiðin verða sífellt fjarlægari eðlilegu máli
- Ungt fólk gæti hallað sér meira og meira að enskunni
 - hún er meira spennandi og ekki sífellt verið að gagnrýna
- Íslenskan gæti misst ýmis svið til enskunnar
 - þegar áberandi í ferðapjónustu, viðskiptum og afþreyingu
- Til gætu orðið málsmáfélög þar sem íslenska er ekki notuð
 - fólk virðist bjargast bærilega í landinu án íslenskukunnáttu
- Íslenskan gæti hrunið á fáum áratugum
 - líkt og gerðist með írsku á seinni hluta 19. aldar

Hvað er hægt – og þarf – að gera?



- Sinna máluppeldi barna mun meira og betur
 - lesa fyrir þau og með þeim, og tala sem mest við þau
- Framleiða miklu meira af íslensku efni fyrir ungt fólk
 - afþreyingu, skemmtun, fræðslu – bækur og myndefni
- Auka umburðarlyndi og gera ímynd íslensku jákvæða
 - forðast sífelldar leiðréttingar og neikvæða umræðu
- Vinna af aefli gegn óþarfri útpenslu enskunnar
 - þýða sem mest og gera fólk meðvitað um ensk áhrif
- Gera stóráttak í kennslu íslensku sem annars máls
 - annars mun stór hluti íbúa ekki tala íslensku í framtíðinni

Íslenska og útlendingar

Gerbreytt samsetning þjóðfélagsins



- Samsetning íslensks þjóðfélags hefur gerbreyst
 - fjöldi íbúa af erlendum uppruna nálgast 20%
- Þetta kemur ekki síst fram á vinnumarkaðnum
 - meira en helmingur félaga í Eflingu er af erlendum uppruna
 - spáð að erlent starfsfólk verði helmingur vinnuafls um 2050
- Meginhluti þessa fólks á ekki ensku að móðurmáli
 - en lærir oft ensku á undan íslensku
 - vegna þess að enska er notuð sem samskiptamál við Íslendinga
 - og milli fólks af ólíku þjóðerni

Er íslenska erfitt tungumál?



- „Why is Icelandic such a difficult language to learn?“
 - þetta er spurning sem útlendingar spyrja iðulega
- Við viljum trúa því að íslenska sé mjög erfið
 - en íslenska er varla erfiðari en gengur og gerist
 - erfiðleikastig fer að verulegu leyti eftir móðurmáli málnema
 - og þeim tungumálum sem þau hafa haft kynni af
- Ísland var mjög lengi eintyngt samfélag
 - fólk heyrði nánast aldrei „ófullkomna“ íslensku
 - við kunnum ekki að bregðast við íslensku útlendinga

Íslenska og útlendingar



- Okkur skortir umburðarlyndi gagnvart frávikum í máli
 - erlendum hreim, ófullkomnum beygingum o.þ.h.
 - leiðréttum útlendinga miskunnarlaust og óumbeðið
 - eða skiptum yfir í ensku ef við heyrum ófullkomna íslensku
 - nenum ekki að leggja mikið á okkur til að skilja
- Útlendingar í þjónustustörfum verða oft fyrir aðkasti
 - vegna skorts á íslenskukunnáttu
- Slíkar athugasemdir eru þó oft skiljanlegar
 - það kunna ekki öll ensku þótt því sé oft haldið fram

Útilokun frá lýðræðislegri umræðu



- En stundum býr annað en ópolinmæði að baki
 - við leiðréttum eða skiptum yfir í ensku til að senda skilaboð:
 - „þú átt ekki heima hér“ – „þú ert ekki ein/einn/eitt af okkur“
- Þetta bitnar verst á fólki sem tekur virkan þátt í þjóðfélaginu
 - það fær á sig óvægna gagnrýni vegna ófullkominnar íslensku
 - en það sem það hefur til málanna að leggja fellur í skuggann
- Með þessu fælum við fólk frá virkri þjóðfélagsþátttöku
 - sem er óviðunandi fyrir fólkið sem á í hlut
 - en ekki síður fyrir lýðræðið í landinu

Eðlilegar og óeðlilegar kröfur



- Kröfur um íslenskukunnáttu geta þó verið málefnalegar
 - „til að tryggja skilvirk samskipti við viðskiptavinum, þar á meðal í störfum í þjónustugeiranum“ (Kærunefnd jafnréttismála)
- En barátta fyrir íslensku má ekki snúast upp í þjóðrembu
 - íslensku má aldrei nota til að útiloka fólk á ómálefnalegan hátt
 - eða gera með einhverju móti lítið úr því
- Hugsanlega kæra sumir atvinnurekendur sig ekki um að erlent starfsfólk þeirra læri íslensku
 - það gæti farið að gera kröfur og átta sig betur á réttindum sínum

Mikilvægi íslenskukennslu

Samfélög án íslensku?



- Hér gætu myndast samfélög þar sem íslenska er ekki notuð
 - aðaltungumál væri pólska, litháíska eða annað erlent mál
 - fólk fast í láglaunastörfum, börnin falla brott úr skólum
- Þetta myndi ógna íslenskunni verulega
 - ekki nóg með að stórir hópar landsmanna töluðu hana ekki
 - Íslendingar yrðu að nota ensku í samskiptum við þessa hópa
- Þetta getur líka orðið hættulegt fyrir lýðræði í landinu
 - ef til verða hópar sem eru útilokaðir frá samfélagslegri umræðu
 - það gæti skapað grundvöll fyrir margs kyns öfgastefnur og óróa

Lagskipt þjóðfélag



- Hætta er á að íslenska verði notuð – meðvitað eða ómeðvitað – til að búa til lagskipt þjóðfélag
 - þar sem annars vegar erum „við“ – fólk sem ræður öllu, m.a. í krafti málfarslegra yfirburða, og situr að bestu bitunum
 - og svo „hin“ – fólk af erlendum uppruna, jafnvel önnur og þriðja kynslóð innflytjenda
 - sem hefur ekki gott vald á íslensku og kemst þess vegna hvergi áfram í skóla og á vinnumarkaði
- Við þurfum þess vegna að leggja áherslu á íslenskukennslu
 - en jafnframt venja okkur við „ófullkomna“ íslensku

Íslenskukennsla kemur öllum til góða



- Atvinnurekendur fá hæfara starfsfólk
 - sem getur sinnt fjölbreyttari störfum
 - fellur betur inn í samfélagið og er líklegt til að vera ánægðara
- Fólkið sjálft verður sveigjanlegra
 - menntun þess og reynsla nýtist betur
 - það eykur möguleika sína á vinnumarkaði
- Fólk af erlendum uppruna festir betur rætur
 - einangrast síður í samfélaginu
 - með öllum þeim erfiðleikum og hættum sem því geta fylgt

Mismunandi hópar



- Aldrei verður hægt að kenna öllum sem koma íslensku
 - en fólk sem ætlar sér að setjast að vill yfirleitt læra málið
 - það áttar sig á því að íslenskukunnátta bætir stöðu þess
- En margt fólk kemur til skemmri dvalar
 - ætlar að vinna hér um tíma en ekki ílendast hér
 - það veit að íslenskan gagnast því hvergi nema á Íslandi
 - því er eðlilegt að það vilji ekki verja miklum tíma í íslenskunám
- Fólk í þjónustustörfum þarf að hafa samskipti við Íslendinga
 - auka þarf starfstengda íslenskukennsla á vinnustöðum

Tillit til ólíkra hópa fólks



- Það þarf að gæta réttinda fólks sem aðeins talar íslensku
 - margt fólk af eldri kynslóð treystir sér ekki til að hafa samskipti við annað fólk á ensku
- Það þarf að gæta réttinda fólks sem ekki talar íslensku
 - býr hér og starfar, greiðir hér skatta og hefur komið hingað til starfa án þess að kröfur væru gerðar um íslenskukunnáttu
- Það þarf að horfast í augu við að íslenska er örtungumál
 - óraunhæft að við getum notað hana alltaf, við allar aðstæður
 - sú krafa samrýmist ekki virkri þátttöku í tæknivæddu þekkingar-samfélagi á tímum alþjóðavæðingar og frjáls flæðis vinnuafls

Íslenska á öllum sviðum



- Við þurfum að finna leið sem tekur tillit til fólks sem ekki á íslensku að móðurmáli
 - og gerir því kleift að bjarga sér og festa rætur í samfélaginu
 - án þess að íslenskan verði ævinlega víkjandi
- Við þurfum að halda því til streitu að íslenskan sé nothæf og notuð á öllum sviðum eftir því sem kostur er
 - en jafnframt gæta þess að skortur á kunnáttu og færni í íslensku sé ekki notaður til að mismuna fólki á ómálefnalegan hátt
- Eigi íslenska að lifa þarf hún að geta verið burðarás
 - og meginsamskiptamál í fjölmennningarlegu samfélagi

Íslenska í ferðapjónustunni

Könnun á viðhorfum til ferðapjónustu



- „Hversu miklar eða litlar áhyggjur hefur þú af því að íslenskan verði útundan í upplýsingagjöf í ferðapjónustu?“

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög litlar áhyggjur	208	8,6%	8,8%
Nokkuð litlar áhyggjur	252	10,4%	10,6%
Hvorki miklar áhyggjur né litlar	254	10,5%	10,7%
Nokkuð miklar áhyggjur	828	34,2%	34,9%
Mjög miklar áhyggjur	831	34,4%	35,0%
Gild svör	2373	98,1%	100,0%

- [Þrjár skýrslur](#) um íslensku í ferðapjónustunni
 - frá Háskólanum á Hólum og Árnastofnun

Skortur á hvatningu til íslenskunáms



- „Við höfum ekki staðið okkur vel í að auðvelda fólki að læra málið. Þrýstingur á að læra það er lítill og sjálf grípum við allt of fljótt til ensunnar.“
- „[M]eirihluti starfsfólks hefur áhuga á að læra íslensku. Þeir sem sögðu starfsfólk ekki hafa áhuga á því sögðu skýringuna oftast þá að fólk stoppaði svo stutt við.“
- „Enginn sagðist hafa hvatt erlent starfsfólk til að læra íslensku. Þeir sem vilja læra íslensku hafa sjálfir haft frumkvæðið að því og flestir greiddu fyrir það sjálfir.“

Enska sem ráðandi tungumál



- „Niðurstöður gefa vísbendingar um að ferðapjónustuaðilar telji að enska verði að vera ráðandi tungumál í ferðapjónustu, sérstaklega í markaðssetningu og færri en fleiri sjá ástæðu til þess að nota íslensku meðfram ensku.“
- „Í viðræðum okkar við aðila, bæði innan og utan ferðapjónustunnar, hafa komið fram meiningar um að hagstæðast væri að leyfa enskunni að taka við af íslenskunni.“
- „Verði íslenska ekki gjaldgeng í ferðapjónustu á Íslandi og enska verður tekin fram yfir hana mun hljómur og ásýnd landsins breytast.“

Ferðamálastefna og aðgerðaáætlun



- „Aukin áhersla á sanngildi og sérstöðu íslenskrar menningar“
- Úr greinargerð þingsályktunartillögu, 2024:
 - „Sýnileiki og notkun íslenskrar tungu er [...] órjúfanlegur þáttur upplifunar um sanngildi.“
 - „Íslenska á í vök að verjast gagnvart vaxandi notkun ensku á öllum sviðum; í töluðu sem skrifuðu máli, merkingum og annarri miðlun.“
 - „[S]tuðlað verði að því að íslenska heyrist og sjáist sem víðast, í samvinnu og samráði við lykilaðila í ferðaþjónustu.“
- En engar skilgreindar og afmarkaðar aðgerðir lagðar til

Bætt staða íslensku í ferðapjónustu



- Tíu aðgerðir sem grípa þarf til nú þegar:
 1. Semja og samþykkja málstefnu ferðapjónustunnar
 2. Smíða fleiri íslensk iðorð á sviði ferðapjónustu
 3. Hvetja og styðja starfsfólk til íslenskunáms
 4. Gera kröfur um íslenskukunnáttu í ákveðnum störfum
 5. Leggja áherslu á þátt tungumálsins í sérstöðu okkar
 6. Notaða íslensk ornefni en ekki enskar gerðir þeirra
 7. Hafa öll skilti og merkingar á íslensku samhliða ensku
 8. Hætta að forða ferðafólki frá íslenskunni
 9. Umbuna fyrirtækjum sem halda íslenskunni á lofti
 10. Vekja öll til vitundar um stöðu og mikilvægi íslensku

Lokaorð

Alls konar íslenska



- Við erum flest íhaldssöm á íslenskuna – eðlilega
 - finnst hún eigi að vera eins og við ólumst upp við hana
 - og eins og okkur var kennt að hún ætti að vera
- En tilbrigði í málinu eru eðlileg og óhjákvæmileg
 - íslenskan þarf ekki vera einsleit eða dauðhreinsuð
- Aðalatriðið er að fordæma ekki mál annarra
 - þrátt fyrir að það sé stundum öðruvísi en við teljum æskilegt
 - krafa um einsleitni geldir málið og drepur að lokum
- Sýnum umburðarlyndi, tillitssemi og virðingu!

Íslenska er alls konar
– takk fyrir áheyrnina!

eirikur@hi.is, eirikur.rognvaldsson@gmail.com

<https://uni.hi.is/eirikur/ritaskra/malfarspistlar>

<https://www.facebook.com/groups/malspjall/>

<https://www.eirikurr.substack.com>